

**SJÓVÁ**

Sími: 436 1617 & 893 5445  
Netfang: kristjanah@sjova.is

Bæjarblaðið

**JÖKULL**

882. tbl - 19. árg.

20. júní 2019



# Hátíðardagskrá í Snæfellsbæ

Þjóðhátíðardeginum var fagnað í Snæfellsbæ að venju með hátíðarhöldum sem fram fóru í Sjómannagarðinum í Ólafsvík að þessu sinni. Voru þau með hefðbundnu sniði, að lokinni skruðgöngu undir trommuslætti frá íþróttahúsi Snæfellsbæjar setti Svandís Jóna Sigurðardóttir hátíðina en Sigyn Blöndal umsjónarmaður Stundarinnar okkar tók svo við en hún var kynnr hátíðarinnar.

Kristfríður Rós Stefánsdóttir var fjallkona dagsins og flutti hún stytta útgáfu af ljóðinu Til fánans eftir Einar Benediktsson. Unnur Eir Guðbjörnsdóttir nýstúdent frá Kvennaskólanum flutti ræðu og Hlöðver Smári Oddsson spilaði og söng fyrir hátíðargesti. Snæfellsnes sterkar stelpur sýndu dans við mikla hrifningu. Séra Arnaldur Máni Finnsson sá um helgistund ásamt kirkjukórum í Snæfellsbæ.

Snæfellsbæingur ársins var tilnefndur en það var Pétur Steinar Jóhannsson sem veittist heiðurinn að þessu sinni. Er hann vel að honum komin en Pétur Steinar hefur unnið að mörgum málefnum bæjarfélaginu til framdráttar en hann hefur sem dæmi gefið út Sjómannadagsblað Snæfellsbæjar til margra ára.



Hesteigendafélagið Hringur kom ríðandi til hátíðarhaldanna og leyfði börnum að fara á bak, margt fleira var á dagskránni í tilefni dagsins en í sjómannagarðinum var sjoppa, hoppukastalar, frisbygolf og kassaklfur sem Unglingadeildin Drekkinn hafði umsjón með ásamt því að unglingadeildin sá um að mála alla sem vildu fyrir skruðgönguna.

Landsbankahlaupið var hlaupið að venju um morgunin og var þátttaka góð en þar tóku börn 16 ára og yngri þátt og fengu viðurkenningu frá bankanum. Hátíðarhöldum dagsins lauk svo með heljarinnar froðupartíi með Slökkviliði Snæfellsbæjar.

þa



**G. Hansen dekkjaverkstæði  
verður lokað dagana  
16. júlí til 29. júlí 2019**

Smur- og dekkjaþjónusta

**G. Hansen**  
dekkjaverkstæði



Dalbraut 10, Ólafsvík,

sími: 436 1111, Gsm: 893 7745



# Tveir leikir



Strákarnir okkar hristu af sér leikinn gegn Leikni, eins og ég átti vona á og mættu ákveðnir til leiks í Grafarvoginn á fimmtudaginn var, á móti Fjölni. Þeir hreinlega yfirspiluðu heimamenn í fyrri hálfleik, báru enga virðingu fyrir liðinu í efsta sæti, enda engin ástæða til. Strákarnir pressuðu Fjölnismenn frá fyrstu mínútu og á 14. mínútu skoraði Sallieu gull af marki, hörkuskot, sem markvörður Fjölnis átti ekki möguleika á að verja. Sókn okkar manna hélt áfram og eftir um hálf tíma leik skoraði Kuittinen og staðan orðin 2-0 og þannig var hún í hálfleik.

Áfram höfðu okkar menn yfirhöndina í leiknum, en á 50. mínútu fengu heimamenn vitaspurnu, sem þeir skoruðu úr. Okkar menn létu þetta ekki slá sig út af laginu, enda betri aðilinn á vellinum, létu boltann ganga vel á milli manna. Það var svo eftir um 75 mínútna leik, að Ívar Örn setti boltann í markið til að innsigla frábærann sigur. Lokastaðan 3-1 fyrir VíkingÓ. Önnur úrslit í deildinni þetta kvöld, voru okkar mönnum hagstæð, og settu liðið upp í efsta sætið.

Á mánudaginn 17. júní var leikinn frestaður leikur úr fjórðu umferð, við Keflavík. Jafnræði var

með liðunum í fyrri hálfleik, en lítið um afgerandi færi. Leikmenn nokkuð sprækir, og hraði í leiknum. Bæði lið reyndu af krafti að skora í lok hálfleiksins, en tókst ekki. Gestirnir áttu skot að marki, sem lenti ofan á slánni. Staðan 0-0 í hálfleik, sem var nokkuð sanngjarnt.

Í seinni hálfleik lágu gestirnir aftur og leyfðu heimamönnum að sækja og beittu svo skyndisóknum. Upp úr einni slíkri skoruðu þeir, á 64. mínútu og staðan orðin 0-1, nokkuð gegn gangi leiksins. Við það virtist eins og að heimamenn tryðu ekki á að þeir gætu komið til baka, en sóknartilburðir þeirra voru ekki nógu beittir utan atviks á 71. mínútu þegar Harley átti skot í stöngina. Vörn gestanna var mjög þétt og áttu okkar menn í basli með að skapa sér opin færi. Gestirnir fóru með öll stigin með sér. VíkingurÓ kominn í annað til fjórða sæti á stigatöflunni, með sama stigafjölda og Keflavík og Fjölnir.

Á laugardaginn koma Frammarar og verður sá leikur kl. 14.00. Við skorum á alla að fjölmenna í stúkuna, og hvetja okkar menn. Ef við viljum að liðið vinni heimaleikina, verðum við að mæta og styðja strákana.

óhs

# Lýsulaugar opna eftir breytingar



Lýsulaugar opnaði aftur fimmtudaginn 13. júní eftir algjöra endurbýggingu, en gamla timburlaugin sem klædd var plastdúk, hafði þjónað hlutverki sínu vel síðan 1981.

Frágangi er að mestu lokið, en eftir er m.a. að ganga frá girðingunni og lóðinni. Nýja laugin er steypt ásamt heitum pottum,

og fljótlega verður settur kaldur pottur upp.

Laugargestir hafa verið ánægðir með þessar vel heppnuðu breytingar og ekki skemmir veðurblíðan sem hefur leikið við okkur. Nú er um að gera að skella sér í laugin, en hún verður opin alla daga frá klukkan 11:00 til 20:30 í sumar.



Bifreiðaverkstæði Ægis.  
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn

# TM mót í Vestmannaeyjum



Það voru 18 stelpur af Snæfellsnesi sem fóru á TM mótið í eyjum þetta árið. Það voru 2 lið skráð til leiks og báðum liðum gekk mjög vel. Snæfellsnes 1 vann Dalarafns-bikarinn eftir 2-1 sigur

í hörku úrslitaleik.

Þökkum öllum sem veittu okkur stuðning.

Stelpurnar í 5-flokk í Snæfellsnessamstarfinu.

Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**  
er að finna upplýsingar um allar eignir á  
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

**Pétur Kristinsson hdl.**  
löggtur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Bæjarblaðið  
**JÖKULL**

Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ og Grundarfirði. Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 1.100  
Áb.maður: Jóhannes Ólafsson  
Prentun: Steinprent ehf.  
Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbæ  
Netfang: steinprent@simnet.is  
Sími: 436 1617

# Aflabrögð



Dagana 10. til 16. júní komu alls á land í Snæfellsbæ 262 tonn í 200 löndunum. Þar af var landað 125 tonnum í 90 löndunum í Ólafsvíkurhöfn, 92 tonnum í 51 löndun í Rifshöfn og 45 tonnum í 59 löndunum á Arnarstapa. Flestir bátar sem róa þessa dagana eru á handfærum, í Ólafsvík lönduðu 29 bátar 54 tonnum í 76 löndunum, ár Arnarstapa 23 bátar 39 tonnum í 57 löndunum og í Rifshöfn 19 bátar 37 tonnum í 45 löndunum. Hjá litlu

línubátunum landaði Særf SH 34 tonnum í 2, Stakkhamar SH 21 tonni í 4, Brynja SH 8 tonnum í 3, Sverrir SH 5 tonnum í 1 og Rán SH 5 tonnum í 3 löndunum. Tveir dragnótabátar lönduðu þessa daga Ólafur Bjarnason SH 33 tonnum í 3 og Egill SH 16 tonnum í 2 löndunum. Signý HU var á grásleppunetum og landaði 4 tonnum í 3 löndunum og Bárður SH var á netum og landaði 6 tonnum í 2 löndunum.

þa



SÝSLUMAÐURINN Á VESTURLANDI

## SUMARLEYFI

25. júní til 3. júlí og 22. júlí til 12. ágúst verður móttaka Sýslumannsins á Vesturlandi hjá Snæfellsbæ lokuð vegna sumarleyfa.

Vinsamlegast athugið að erindi vegna þinglýsinga eiga að berast skrifstofu embættisins í Borgarnesi að Bjarnarbraut 2.

Sýslumaðurinn á Vesturlandi

# Kvennahlaup



Sjóvá Kvennahlaup ÍSÍ fór fram í þrítugasta sinn laugardaginn 15. júní. í Snæfellsbæ var hlaupið í 29. skipti undir dyggri stjórn Elfu Eydal Ármannsdóttur en hún hefur séð um hlaupið í Ólafsvík öll árin 29. Hún hefur þó ekki verið alveg ein en Sigríður Þórarinsdóttir hefur verið með henni í þessu til fjölda ára. Kvennahlaupið er stærsti almenningsíþróttaviðburður sem fram fer hér á landi árlega. Tilgangur hlaupsins er eins og kemur fram í tilkynningu frá ÍSÍ að "Konur á öllum aldri koma saman á hlaupadegi og eiga skemmtilega stund þar sem sumir hlaupa aðrar ganga. Í 30 ár hafa þúsundir kvenna um allt land notið þess að hreyfa sig saman í Kvennahlaupinu og í því hafa konur geta sameinað tvo



mikilvæga þætti í lífinu, hreyfingu og samveru." Að þessu sinni tóku 42 konur þátt í hlaupinu í Snæfellsbæ og nutu dagsins í blíðskaparveðri. Hafa þær stöllur Elfa og Sigríður haft þann háttinn á að færa elstu konunni sem tekur þátt að hverju sinni gjöf og að þessu sinni var það Ingveldur Knaran Karlsdóttir sem var sú elsta en hún er 84 ára. Að hlaupi loknu var einnig dregið í happadrætti sem þær stöllur stóðu einnig fyrir.

þa

## Hrútur vekur lukku



Undanfarið hafa tvær listakonur unnið að því að mála listaverk á gafi íþróttahússins á Hellisand. Þetta verkefni eins og svo mörg önnur er runnið undan rifjum Kára Viðarssonar leikara og frumkvöðuls sem oft er kenndur við Frystiklefann. Kári setti í gang hugmyndasamkeppni og valdi hann þetta verk. Listamennirnir þær Lacey Jane og Layla Folkman eru frá Kanada, hafa þær unnið

saman að vegglistaverkum í 10 ár. Útkoman er öll hin glæsilegasta og hefur vakið mikla athygli nú þegar þess má geta að að á síðasta sunnudag stoppuðu 200 ferðamenn til að dást að og mynda verkið. Má því telja líklegt að þetta muni auka ferðamannastraum á svæðinu og verða bæjarfélaginu og þjónustuaðilum þar til góðs.

þa

## Fleiri myndir frá hátíðahöldum í Snæfellsbæ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

## Ólafsvíkuvaka á næsta leiti



Ólafsvíkuvaka verður haldin fyrstu helgina í júlí og undirbúningur í fullum gangi. Að þessu sinni eru það appelsínugula og græna hverfið sem standa að hátíðinni. Að sögn þeirra Ara Bjarnasonar úr appelsínugula hverfinu og Ríkarðs Kristjánssonar úr því græna gengur undirbúningur mjög vel og hafa allir í hverfunum verið mjög áhugasamir og margir komið að undirbúningnum. Fjölbreytt dagskrá verður í boði og verður hún skemmtileg blanda af viðburðum sem hafa verið margar undanfarnar Ólafsvíkuvökur og nýjum og spennandi viðburðum. Má þar nefna skák-kennslu og skákmót, ratleikinn "Ólafsvíkudraumurinn" gardenparty í sjómannagarðinum þar sem þau Trausti og Lena sjá um fjörið, Hr Hnetusmjör mun verða á Þorgrímsspalli á laugardeginum ásamt fleiri skemmtiatriðum, BMX-Bros munu mæta á svæðið og sýna listir sínar, áttahagagan "engu logið" ásamt byssusýningu, einnig er stefnt að því að setja

upp húsdýragarð um helgina svo eitthvað sé nefnt. Hestamannafélagið verður auðvitað á sínum stað eins og áður sem og dorgveiðin og hoppukastalarnir. Markaðurinn verður einnig á sínum stað og enn hægt að fá pláss með því að hafa samband við Laufeyju Kristmundsdóttur í síma 8996904. Jón Sigurðsson Idol stjarna stjórnar brekkusöng í sjómannagarðinum á laugardagskvöldinu og heldur uppi stuðinu. Þar verða líka flutt skemmtiatriði frá hverfunum. Vill undirbúningsnefndin því hvetja hverfin til að fara að byrja að æfa og undirbúa svo allt verði nú tilbúið. Hljóm sveitin Stjórnin mun svo halda uppi stuðinu í Klifi á laugardagskvöldið og fram á nótt. Af allri þessari upptalningu má sjá að það stefnir í frábæra Ólafsvíkuvöku, vonandi verða veðurguðirnir með okkur í liði svo allar glæsilegu skreytingarnar sem settar verða upp í hverfunum njóti sín sem og heimamenn og þeir sem okkur heimsækja.



Sími: 430 3700  
www.fmis.is

